



Reglur um stuðning til fjarnáms í menntavísindum og til fagháskólanáms í leikskólakennarafræðum

1. gr. Gildissvið

Starfandi leiðbeinendur við leik- og grunnskóla Norðurþings sem hyggjast stunda fjarnám í menntavísindum til diplómaprófs, B.Ed prófs, M.Ed prófs eða til kennsluréttinda við Háskóla Íslands eða Háskólann á Akureyri geta sótt um stuðning til sveitarfélagsins vegna námsins. Leikskólaliðar geta sótt um stuðning til sveitarfélagsins vegna fagháskólanáms í leikskólakennarafræðum.

2. gr. Styrkhæft nám

- Leikskólakennaranám (Diploma, B.Ed. og Mastersnám)
- Grunnskólakennaranám (B.Ed. og Mastersnám)
- Nám í kennslufræðum til kennsluréttinda
- Fagháskólanám í leikskólafræðum (60 ECTS einingar af grunnnámi)

3. gr. Takmarkanir

Að hámarki geta tíu fjarnemar við skólastofnanir sveitarfélagsins notið stuðnings vegna fjarnáms og sex leikskólaliðar vegna fagháskólanáms á hverjum tíma. Fjöldi nema í hverri skólastofnun fyrir sig er þó háður mati skólastjóra á aðstæðum stofnunarinnar á hverjum tíma og þeim heimildum sem fjárhagsáætlun veitir. Fjölskylduráð getur veitt sérstakar undanþágur frá þessu ákvæði ef hún telur brýna nauðsyn til, t.d. við þær aðstæður að mjög lágt hlutfall fagmenntaðs starfsfólks starfi við skólastofnanirnar.

4. gr. Stuðningur

Stuðningur við fjarnema er í formi þess að viðkomandi á rétt á að sækja námslotur og halda á sama tíma grunnlaunum sínum. Einnig sinnir sveitarfélagið hlutverki sínu og ábyrgð þegar fjarnemar á lokaári kennaranáms eru í starfsnámi hjá stofnunum þess. Nemar í fagháskólanámi eiga rétt á að sækja kennslustundir samkvæmt stundaskrá og halda á sama tíma grunnlaunum sínum. Stuðningur miðast við hverja önn fyrir sig og skal starfsmaður skila staðfestingu skóla á fullnægjandi námsárangri á önn til að eiga aðgang að stuðningi fyrir næstu önn. Auk þess eiga fjarnemar rétt á að sækja starfsnám á vegum háskólanna í öðrum skólum og þiggja laun á meðan svo fremi að þeir þiggi ekki sérstök laun eða styrki vegna starfsnámsins. Stytting vinnutíma gengur upp í fjarveru vegna náms.

5. gr. Stuðningstímabil

Stuðningstímabil getur verið allt að 4 ár (8 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms – enda sé þá um að ræða 180 eininga háskólanám (B.Ed.). Í mastersnámi eða námi til kennsluréttinda getur stuðningstímabil verið allt að 2 ½ ár (5 annir) og í námi til diplomaprófs getur styrktímabil verið allt að 1 ½ ár (3 annir) – eða í samræmi við skipulagningu náms. Nemar í fagháskólanámi eiga rétt á stuðningi til tveggja ára (4 annir).

6. gr. Framkvæmd

Nemar skili í upphafi annar stundaskrá annarinnar til skólustjóra. Viðkomandi skólstofnun Norðurlands skal skipuleggja vinnu starfsmanns þannig að hann geti sótt staðbundnar lotur námsins, þjálfun og fjarkennslustundir fagháskólanáms á vinnutíma sínum enda annist hann allan undirbúning kennslu og aðstoði forfallakennara eftir þörfum áður en til fjarveru vegna námsins kemur.

7. gr. Skilyrði

Stuðningur er bundinn því skilyrði að námið nýtist í þeirri skólstofnun þar sem viðkomandi starfar og að hann haldi að minnsta kosti 50% starfi yfir námstímann og eigi lögheimili sitt í sveitarfélaginu. Stuðningur er bundinn því skilyrði að viðkomandi hafi starfað í viðkomandi stofnun í minnst 12 mánuði. Undantekningar frá þessu ákvæði getur Fjölskylduráð veitt ef sérstaklega stendur á.

Sá sem stuðnings nýtur skal skuldbinda sig til að starfa hjá sveitarfélaginu í ½ ár að námi loknu fyrir hverja námsönn sem viðkomandi nýtur stuðnings. Skuldbinding þessi skal þó að hámarki vera tvö ár.

Standi starfmaður ekki við skuldbindingu sína um að starfa hjá sveitarfélaginu að námi loknu áskilur sveitarfélagið sér rétt til að krefjast endurgreiðslu launa sem greidd voru í fjarveru vegna náms til samræmis við þann tíma sem eftir stendur af skuldbindingartímanum.

8. gr. Umsóknarferli

Umsóknir um stuðning þurfa að berast forstöðumanni viðkomandi skólstofnunar fyrir 1. júlí ár hvert sem leggur þær fyrir fjölskylduráð með umsögn. Umsóknir eru staðfestar með undirritun samnings viðkomandi skólstofnunar og nema.

Samþykkt á fundi Fjölskylduráðs Norðurlands þann 1. júlí 2019.

Staðfest af sveitarstjórn Norðurlands þann 4. des 2019.

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar á 158. fundi Fjölskylduráðs Norðurlands 4. júlí 2023 og staðfestar í byggðaráði Norðurlands, í umboði sveitarstjórnar 13. júlí 2023.

Reglur endurskoðaðar og uppfærðar á 144. fundi Fjölskylduráðs Norðurlands 11. ágúst 2026 og staðfestar af sveitarstjórn Norðurlands þann 20.8.2026.



Norðurthing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is